

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 15. desember 1998

um breytingu á ákvörðun 98/407/EB um tiltekna verndarráðstafanir vegna samloka (tvískelja lindýra) og fiskafurða sem eru upprunnar í eða koma frá Tyrklandi(*)

(tilkynnt með númeri C(1998) 4108)

(1999/2/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/43/EB⁽²⁾, einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í kjölfar niðurstaðna úr skoðunarheimsókn dýraheilbrigðis-sérfræðinga til Tyrklands samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 98/407/EB um tiltekna verndarráðstafanir vegna samloka (tvískelja lindýra) og fiskafurða sem eru upprunnar í eða koma frá Tyrklandi⁽³⁾.

Verndarráðstafanir og heilbrigðisábyrgðir tyrkneskra yfirvalda eru fullnægjandi þannig að nú er aftur hægt að heimila innflutning á fiskafurðum frá Tyrklandi.

Hins vegar eru heilbrigðisábyrgðir tyrkneskra yfirvalda ekki fullnægjandi að því marki að hægt sé að heimila aftur innflutning á samlokum (tvískelja lindýrum) í neinu formi sem eru upprunnar í eða koma frá Tyrklandi.

Því ber að breyta ákvörðun 98/407/EB.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 98/407/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um samlokur (tvískelja lindýr), skrápdyr, möttuldýr og sæsnigla, sem eru upprunnar í eða koma frá Tyrklandi.“

2. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Aðildarríkin skulu banna innflutning á samlokum (tvískelja lindýrum), skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum, í hvaða formi sem er, sem eru upprunnar í eða koma frá Tyrklandi.“

3. Ákvæði 3., 4., 5., 7., 8. og 9. gr. falli úr gildi.

4. 6. gr. verði 3. gr.

2. gr.

Aðildarríkin skulu breyta ráðstöfunum sínum að því er varðar innflutning frá Tyrklandi til samræmis við þessa ákvörðun. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessi verður endurskoðuð á grundvelli ábyrgða frá Tyrklandi.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 1, 5.1.1999, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/1999 frá 5. nóvember 1999 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 162, 1. 7. 1996, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 180, 24. 6. 1998, bls. 15.